Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 16. mars 2021
VEL2019090027

**Efni**: Til umsagnar - Drög að nýrri velferðarstefnu Reykjavíkurborgar.

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er rammi utan um metnaðarfullt og mannvænt velferðarstarf sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn. Undanfarna mánuði hefur farið fram víðtækt samráð um mótun nýrrar velferðarstefnu þar sem hlýtt hefur verið á fjölbreyttar raddir borgarbúa, samstarfsaðila, hagsmunaaðila, starfsfólks og kjörinna fulltrúa. Stefnan hefur verið mótuð út frá þessum röddum og er hún hugsuð sem vegvísir fyrir borgarbúa og um leið fyrir starfsfólk sem veitir þjónustuna. Markmið hennar er að auka lífsgæði fólks og tryggja að Reykjavík sé *fyrir okkur öll*.

Á fundi velferðarráðs 3. febrúar sl. var samþykkt að vísa drögum að velferðarstefnunni til umsagnar hagaðila. Hagaðilar eru hvattir til að kynna sér stefnudrögin og skila inn umsögnum í gegnum umsagnagátt velferðarsviðs:

https://www.surveymonkey.com/r/velferdarstefna

Frestur til að skila inn umsögnum rennur út 16. apríl næstkomandi.

Virðingarfyllst

Dís Sigurgeirsdóttir
skrifstofustjóri

Hjálagt:

Drög að velferðarstefnu Reykjavíkurborgar til 2030.